



HANDBÓK NEMENDA

Ýmislegt sem þú þarft að vita um spjaldtölvuna þína

Hvað er...?

Google Classroom er kerfi sem þú munt nota mikið í skólanum. Þar færð þú tölvupóst, getur geymt myndir og skjöl og unnið verkefni.

Kennarar geta notað kerfið til að senda þér verkefni, fara yfir þau og gefa þér einkunn eða umsögn. Þeir geta líka notað það til að láta þig vita ýmislegt, til dæmis hvenær á að skila verkefnum eða með hverjum þú ert í hópi.

AirWatch er notað af Kópavogsbæ til að halda utan um hver er með hvaða spjaldtölvu. Það er hægt að senda þér námsbækur og öpp í gegnum þetta kerfi og það sér líka um að þú fái aðgang að þráðlausa netinu í skólanum. Ef nemandi sækir sér óleyfilegt app eða fiktur í netstillingum spjaldtölvunnar er hægt að sjá það í AirWatch.

Kopavogur er nafnið á þráðlausa netinu sem þú átt að nota í skólanum. Önnur net eins og Kop-ipad, Kop-gestir og Kop-internet virka ekki eins vel og sum virka alls ekki neitt í spjaldtölvunni.

App Store er netverslun Apple og þar getur þú fundið allskonar öpp. Sum eru ókeypis en önnur kosta peninga. Þú mátt sækja þér ókeypis öpp að eigin vali og ef foreldrar þínir vilja kaupa handa þér öpp þá er það leyfilegt. Það má hins vegar ekki sækja öpp annars staðar en í App Store.



Markmið innleiðingar spjaldtölva

Tilgangur þess að afhenda þér spjaldtölvu er fyrst og fremst að þú getir notað hana í skólanum í fjölbreyttum verkefnum. Spjaldtölvur hafa á undanförunum árum sannað gildi sitt í skólustarfi víða um heim og mestu jákvæðu áhrifin verða þegar hver nemandi hefur sína eigin spjaldtölvu.

Það sem vonast er til að muni breytast með spjaldtölvunum er að þú hafir meira val um hvernig þú vinnur verkefni, að námið verði skemmtilegra og fjölbreyttara og að þú getir lært á þann hátt sem hentar þér best.

Breytingarnar munu taka tíma og smám saman muntu líklega nota spjaldtölvuna meira og meira, eftir því sem þú, samnemendur þínir og kennarar lærið að nýta ykkur hana.



Reglur um notkun spjaldtölvunnar

Spjaldtölvan sem þú færð afhenta er fyrst og fremst námstæki. Þú átt að koma með hana í skólann á hverjum degi og fara eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla um notkun hennar. Í spjaldtölvunni eru forrit og námsefni sem kennarar hafa valið og það mun örugglega bætast við það þegar þú ferð að nota spjaldtölvuna í skólanum.

Spjaldtölvan þín kemst sjálfkrafa á þráðlausa netið í skólanum sem heitir **Kopavogur** og þú þarft ekki lykilorð til að tengjast. Þú skalt ekki reyna að tengjast neinu öðru neti í skólanum. Ef þú ert í vandræðum með að tengjast netinu í skólanum, láttu þá kennara strax vita. Það er ekki leyfilegt að breyta netstillingum í spjaldtölvunni.

Þú mátt sækja þér öpp í **App Store** en það má ekki ná í öpp annars staðar.

Samfélagsmiðlar

Instagram, Snapchat, Musical.ly og fleiri öpp sem eru notuð til samskipta eru mjög vinsæl.

Mörg af þessum öppum eru bönnuð börnum innan 13 ára. Skólinn leyfir ekki að nemendur noti öpp sem þeir hafa ekki aldur til að nota.

Ef þú ert ekki viss um hvort app sé leyfilegt fyrir þinn aldur, spurðu þá einhvern fullorðinn.

Mundu að fara varlega í öllum samskiptum við ókunnuga á netinu eða samfélagsmiðlum. Ekki gefa upplýsingar eins og heimilisfang eða símanúmer nema þú vitir við hvern þú ert að tala.


Mundu líka að það sem þú segir og skrifar á netinu hverfur ekki. Ekki segja neitt á netinu sem þú myndir ekki segja ef manneskjan stæði fyrir framan þig.

Hvað áttu að gera ef það kemur eitthvað fyrir spjaldtölvuna?

Mikilvægt er að þú gætir þess að fara vel með spjaldtölvuna. Þú færð afhent hulstur með spjaldtölvunni og mátt aldrei taka hana úr hulstrinu. Þú skalt ekki nota framhlið hulstursins sem handfang, betra er að loka hulstrinu þegar spjaldtölvan er færð á milli staða. Passaðu að það sé kveikt á *Find my iPad* sem er innbyggð þjófavörn og hjálpar þér að finna spjaldtölvuna ef hún týnist eða henni er stolið.

Láttu kennarann þinn strax vita ef spjaldtölvan týnist, bilar eða skemmist. Kennarinn sér þá um að láta foreldra þína vita og ef þú þarft að fá aðra spjaldtölvu þá færðu hana eins fljótt og hægt er.

Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því að foreldrar eða forráðamenn þurfi að borga fyrir nýja spjaldtölvu - nema þú hafir viljandi eyðilagt hana. Auðvitað gerir þú það ekki, er það nokkuð?



Notkun sjaldtölvunnar heima

Sjaldtölvan getur verið skemmtilegt leikfang og það er til mikill fjöldi af leikjum og spennandi öppum.

Foreldrar eða forráðamenn þínir eiga að ráða því hversu mikið þú mátt nota sjaldtölvuna sem leikfang á heimilinu.

Margir nemendur verða mjög uppteknir af sjaldtölvunni, sérstaklega fyrst eftir að þeir fá hana í hendur. Það er eðlilegt og flestir venjast því fljótlega að eiga sjaldtölvu og fara að líta á hana sem sjálfsgöðan hlut.


Þú skalt ekki eyða of miklum tíma í sjaldtölvunni. Reyndu að finna hvað er hæfilega mikill tími fyrir þig og farðu eftir þeim reglum sem foreldrar eða forráðamenn þínir setja.

Það er heldur ekki sniðugt að vera mikið í sjaldtölvunni seint á kvöldin. Þá á hún að vera í hleðslu svo þú getir notað hana í skólanum næsta dag.



Grunnatriði um sjaldtölvuna

[Smelltu hér til að horfa á kennslumyndband sem sýnir helstu atriði um sjaldtölvuna.](#)



Hægt er að fylgjast með á [Facebook](#), [Twitter](#), [Instagram](#), [Vimeo](#) og [Flickr](#).